

STARFSMENNTUN –

Fjögurra ára áttak til eflingar starfsmenntunar samkvæmt stefnu hvítbókar um umbætur í menntun

Veturinn 2014-15 hefur verkefnahópur unnið að gerð aðgerðaráætlunar um umbætur í starfsmenntun. Samstarfshópur skipaður sjö hagsmunaaðilum ásamt fulltrúum ráðuneytisins veittu ráðgjöf og rýndu tillögur um aðgerðir. Lokafundur þeirra var 15. apríl.

Ráðuneytið hefur nú rýnt tillögurnar og greint þær í fimm þætti: **1)** Tengsl atvinnulífs og skóla, framkvæmd starfsnáms **2)** Námskrárvinna, endurskoðun og skipulag, **3)** Vinnulag, innleiðing kerfis, **4)** Starfsgreinaráð, hlutverk og virkni **5)** Upplýsingagjöf, náms- og starfsráðgjöf auk annarra þátta sem nú þegar eru í vinnslu hjá ráðuneytinu. Í viðauka er tafla sem sýnir þessa þætti, fyrstu drög að verklagi og tengsl við einstaka þætti aðgerðaráætlunarinnar. Í myndinni hér fyrir neðan er vísað í þessa þætti með tölustöfunum 1, 2, 3 og 4.

Næstu skref

Tillaga er gerð um eftirfarandi fimm ára tímaplan. Verkinu er skipt í fjóra verkþætti sem eru misflóknir og umfangsmiklir. Í lok hvers árs er staðan tekin á hverjum verkþætti og ákvörðun tekin um næstu skref. Það sem er rauðlitað er unnið að stórum hluta af kjarnaskólanefndum og Adhoc vinnuhópum um einstaka þætti. Í hverjum vinnuhópi er tryggt að allir hagsmunaaðilar komi að vinnunni. Það sem er svart og appelsínugult er unnið í sitthvorri nefndinni. Það sem er blátt er unnið í Námsmatstofnun. Tillögur um hvern flokk eru útlistaðar nánar hér á eftir.



1. Tillaga um endurskoðun námskráa, verkferla, verkfæra og framkvæmdar

vísar í tengsl atvinnulífs og skóla, framkvæmd starfsnáms, námskrárvinnu, endurskoðun og skipulag og breytts vinnulags í viðauka og aðgerðaráætlunardrögum verkefnahóps.

Mikilvægt er að vinna heildstætt að þessum verkefnum, tryggja að þróunin sé samstíga á öllum greinasviðum en jafnframt tryggja aðkomu hagsmunaaðila, þ.e. bæði atvinnulífs og stórra og litilla framhaldsskóla. Þáttur Námsmatstofnunar hvað varðar upplýsingatæknimál er mikilvægur þar sem gert er ráð fyrir að gagnagrunnur um ferilbækur og upplýsingagjöf sé á hennar höndum. Jafnframt er mikilvægt að hver nefnd/ skóli fái aðgang að námskrársérfræðingi sem aðstoðar við uppsetningu námsbrauta.

Til að vinna að heildstætt að þessu verkefni er gerð eftirfarandi tillaga:

Árin 2015-2019 verði unnið að endurskoðun alls starfsnáms með það í huga að:

- I. auka tengsl atvinnulífs og skóla hvað varðar ábyrgð, samstarf og framkvæmd
- II. endurskoða starfsnámsbrautarlýsingar með tilliti til innihalds og framkvæmdar s.s. víxlverkunar og styttingar
- III. breyta vinnulagi og innleiða ný kerfi t.d. með upptöku ferilbóka, endurskoða nemaleyfisnefndakerfið, ofl.
- IV. námið sé betur tengt atvinnulífi landsins

Gerð er tillaga um að komið verði á fót kjarnaskólum og kjarnaskólanefndum sem vinna að endurskoðuninni. Verklagið verði eftirfarandi:

1. skilgreind eru mismunandi svið starfsmenntunar út frá samlegð og fjölda námsleiða í formlega skólakerfinu. Jafnframt eru skilgreindir kjarnaskólar innan hvers sviðs og er þeim ætlað að halda utan um samhæfingarvinnuna (sjá tillögur í meðfylgjandi töflu).
2. Settar eru kjarnaskólanefndir með hverjum kjarnaskóla. Þær vinna að samhæfi ngu náms innan viðkomandi sviðs starfsmenntunar, þ.e. að:
 - a. samhæfa námslok
 - b. gera tillögur að nýju námi
 - c. gera tillögur að ferilbókum
 - d. gera tillögur að víxlverkun innan starfsnáms
 - e. gera tillögur að samstarfi/samningum milli atvinnulífs og skóla við framkvæmd starfs- og vinnustaðarþjálfunar

Markmið kjarnaskólanefndanna er að tryggja samtal atvinnulífs og skóla um skipulag, innihald, framkvæmd og samræmi í starfsnámi. Mat er gert á verkefninu 2017 og í framhaldinu tekin ákvörðun um hvort breytingar er þörf. Niðurstaðan verður einnig nýtt sem innlegg í ákvörðun um endurskoðun á skipulagi starfsgreinaráða.

3. Gert er ráð fyrir að kjarnaskólanefnd séu skipaðar 5-7 einstaklingum á eftirfarandi hátt:
 - a. *Formaður nefndarinnar er fulltrúi kjarnaskóla.*
 - b. *Einn fulltrúi starfsgreinaráðs og er gert ráð fyrir að það sé formaður ráðsins. Þegar tvö starfsgreinaráð eiga sæti í kjarnaskólanefnd eru báðir formenn fulltrúar.*
 - c. *Einn til tveir fulltrúar annarra framhaldsskóla sem bjóða upp á nám innan starfssviðsins. Ef um er að ræða marga framhaldsskóla er gert ráð fyrir að skipaður*

sé einn fulltrúi þess skóla sem hefur mjög fjölbreytt námsframboð og einn fulltrúa fámennra skóla.

- d. Aukafulltrúi launþega eða atvinnurekenda eftir því sem við á. Ef formaður starfsgreinaráðs er fulltrúi atvinnurekenda er hér valinn fulltrúi launþega og öfugt. Ekki er gert ráð fyrir að þessi fulltrúi sitji í starfsgreinaráðinu.
- e. Að auki er gert ráð fyrir að kjarnaskólanefndir geti fengið starfsnámskrársérfræðing til aðstoðar.

Kjarnaskólanefndin heldur a.m.k. 2 fundi á ári með öllum skólum sem bjóða upp á nám innan starfssviðsins auk allra meðlima viðkomandi starfsgreinaráða. Gert er ráð fyrir að námsbrautarlýsingar innan hvers starfssviðs fari til umfjöllunar hjá kjarnaskólanefndinni áður en þær fara í staðfestingarferli hjá Námsmatstofnun. Þar er fjallað um þær m.t.t. til liðs 2 hér að ofan og leiðarljóss við gerð námsbrauta. Námsmatstofnun mun eftir sem áður senda brautir til umsagnar starfsgreinaráða.

4. Þáttur starfsgreinanefndar er mikilvægur hvað varðar mögulega samræmingu milli starfssviða. Þar hittast allir formenn starfsgreinaráða og fá tækifæri til að kynna og ræða mögulega samhæfingu námsloka og útfærslu að nýju námi, ferilbókum, víxlverkun og samstarfi/samningum milli atvinnulífs og skóla við framkvæmd starfs- og vinnustaðarþjálfunar.

Leiðarljós við endurskipulag starfsnámsbrauta

- Nemandi í starfsnámi er á ábyrgð skóla frá innritun til loka náms í skóla og á vinnustað
- Ferilbók fylgir nemanda frá upphafi náms, bæði í skóla og á vinnustað. Hún er samin samhliða námsbrautargerðinni og með hliðsjón af henni gerð tillaga um styttingu ef kostur er. Jafnframt er ferilbókin nýtt þannig að hún nýtist sem mat á hvort/hversu vel nemandi hefur náð tilsettri hæfni og ráðast næstu skref í námi/starfsþjálfun af því = símat.
- Vinnustaðanámi er skipulagt samhliða skólanámi eins og kostur er
- Tillögur um lengd starfsþjálfunar 24 – 36 vikur eru gerðar með tilliti til hæfnikrafna og ferilbókar og haft til hliðsjónar að auka sveigjanleika í takt við hæfni nemenda. Jafnframt er hvatt til að nemandi geti verið í starfsþjálfun samhliða námi, t.d. á sumrin.
- Uppbygging starfsnámsbrauta með námslok á 3. hæfniprepi eru eftirfarandi ef kostur er:



„Grunndeild/stoð“

2 annir ca 60 fein.
90-100% námsins er staðsett á 1. þrepi

Námið byggir grunn að viðkomandi starfssviði

Framkvæmd er bæði í skóla og á vinnustað

Ef grunndeildin er skipulögð sem grunnstoð þ.e. kynning á breiðu starfssviði er hún 1 önn og skilyrði að hún sé metin að fullu inn í grunnámshluta námsins.

prep 1



„Grunnnám“

2 annir. Námið er fyrst og fremst staðsett á 2. þrepi, en getur líka verið á 1. og 3. þrepi skv. skilyrðum aðalnámskrár.

Námslokin fela í sér grunndeild og eru því 90-120 fein.

Námið byggir grunn að ákveðnu starfi eða starfaflokki. Framkvæmd er bæði í skóla og á vinnustað

prep 2



Starfsnámslok

2-6 annir. Námið er fyrst og fremst staðsett á 3. þrepi, en getur líka verið á 2. og 4. þrepi skv. skilyrðum aðalnámskrár.

Námslok eru á 3. þrepi, annað hvort lögvarin eða ekki. Þau fela í sér bæði grunnnám og grunndeild og eru því 150-240 fein.

Framkvæmd er bæði í skóla og á vinnustað

prep 3

Tillaga er gerð um að ráðuneytið láti útbúa námsbrautarlýsingu fyrir einnar annar grunnstoðarnám. Í undirbúningsvinnu kemur í ljós hvort nemendur geti valið milli starfaflokka innan námsins. Það væri síðan val skóla hvort þeir vildu bjóða upp á námið, en skilyrði er að það sé metið að fullu inn í grunndeildina.

Annað sem þarf að hafa í huga og útfæra í tengslum við námsbrautagerð:

- Þjálfun leiðbeinenda á vinnustað. Námskeið? Framkvæmd?
- Verður munur á inngönguleið eldri og yngri nemenda? Geta t.d. 20 ára nemendur með starfsreynslu og vita hvaða starfsnám þeir vilja velja, sloppið við grunndeild/stoð? Hvenær er raunfærnimetið?
- Verður munur á inngönguleið nemanda sem kominn er með samning? Getur hann sleppt grunndeild/stoð?
- Nemandinn í brennidepli – virkt samtal vinnustaðar, skóla og nemanda, s.s. atvinnulífstengill í skólum
- Á að bjóða upp á skólaleið: a.m.k. 20% á vinnustað og vinnustaðaleið: a.m.k. 50% á vinnustað?
- Inntökuskilyrði = grunnskólapróf
- Hverju þarf að bæta við til að fá stúdentspróf?

Annað sem þarf að hafa í huga:

- Þarf að en durskoða framkvæmd og skipulag lokaprófa og sveinsprófa? Tengsl við ferilbók? Gæti þurft lágmarksárangur eða er hún hluti af mati sveinsprófs?
- Þáttur vinnustaðanámssjóðs? Gæti ríkið greitt fyrri hluta þjálfunar og sjóðir greinanna síðari hluta?
- Samtal sveinsprófs- og nemaleyfisnefnda og starfsgreinaneftdar
- Gæðamat

Hér fyrir neðan er tafla sem byggð er á samantekt um hvaða starfsnámsbrautir eru í boði í hverjum framhaldsskóla. Í henni eru tillögur um kjarnaskóla og aðkomu starfsgreinaráða og framhaldsskóla að kjarnaskólaneftendum.

Nr	Starfssvið	Starfsgreinaráð	Kjarna-skóli	Fulltrúar skóla	Fulltrúi atvinnurek./launþ. eftir því sem við á
1	Bygginga- og mannvirkjagreinar	Bygginga- og mannvirkjagreina	VMA	TS FB, FS, FV, FNV, VA, FSu, (MÍ)	
2	Heilbrigðisgreinar	Heilbrigðis- og félagsgreinar	FÁ	TS, FB, FS, FV, MÍ, FNV, VMA, VA, FAS, ME, FSu, FiV, FVA	
3	Þjónustugreinar	Heilbrigðis- og félagsgreinar	BHS	FS, VA, FÁ, ME, MÍ	
4	Skrifstofugreinar	Heilbrigðis- og félagsgreinar Verslun og viðskipti	MK	FS, ME, BHS, FÁ	
5	Hönnun, handverk og textíl	Hönnun og handverk	TS	FG, (ME), FB, VMA, FS, FSu (söðlasm.), Hallormstaður	
6	Netagerð og fisktækni	Málm-, véltækni- og framleiðslugr. Sjávarútvegs og siglingagreinar	FS	Fisktæknisk., FNV, MÍ, FAS	
7	Vélstjórn og vélvirkjun	Málm-, véltækni- og framleiðslugr. Sjávarútvegs og siglingagreinar	TS	VMA BHS, FS, FV, MÍ, FNV, VA, FAS, FiV	
8	Málmsmíði	Málm-, véltækni- og framleiðslugr	BHS	TS VMA, FS, VA, FNV, FSu, FVA, TS	
9	Siglingagreinar	Sjávarútvegs og siglingagreinar	TS	FiV, FAS, MI	
10	Matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreinar	Matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreinar	MK	VMA, FSu, FS, FAS, (MI), (MTr), (Laugar)	
11	Rafiðngreinar	Rafiðngreinar	TS	VMA FB, FS, FV, MÍ, VA, FVA, FNV, FSu,	
12	Farartækja- og flutningsgreinar	Farartækja- og flutningsgreinar	BHS	VMA	
13	Hár og snyrtigreinar	Snyrtigreinar	TS	FB MÍ, VMA, VA, FS, FNV, (FSu)	
14	Garðyrkja og hestar	Umhverfis- og landbúnaðargreinar	Hvann-eyri	FSu, FNV, FMOS,	
15	Upplýsinga-, fjölmiðla- og kvikmyndagreinar	Upplýsinga- og fjölmiðla-greinar	TS	FB, BHS, FS, FNV, FÁ, Kvikmsk?	
16	Listnámsbrautir	??	FB	TS, BHS, FG, FS, FSu, ME, FÁ, MTR, Myndlsk Rvk./KVSK, VMA	
17	Tónlist		MH	JSB, Bryn, FÍH, Tónlsk. Rvk,	
18	Dansnám?				

2. Tillaga um endurskoðun starfsgreinaráða, hlutverk, verklag og virkni kortlögð

Gerð er tillaga um að árið 2015 verði ráðinn úttektaraðili sem taki saman hlutverk, verklag og virkni starfsgreinaráða. Árið 2016 skoðar viðkomandi hvort og hvernig vinna starfsgreinaráða og starfsgreinaneftndar breytist í tengslum við vinnu kjarnaskólanefnda. Árið 2016 verður jafnframt skipuð nefnd sem gera á tillögur byggðar á niðurstöðu úttektaraðila. Verkskil árið 2016. Í kjölfarið verður farið í innleiðingu breytinga og vinnu við lagabreytingar ef þörf krefur.

3. Tillaga um skoðun á fýsileika fagháskólastigs

Gerð er tillaga um að árið 2015 verði skipað í nefnd sem hafi það hlutverk að skoða fýsileika þess að stofna fagháskólastig, kosti þess og galla og mögulega útfærslu. Nefndin skili niðurstöðu 1. júní 2016. Í framhaldi tekur ráðuneytið ákvörðun um næstu skref.

- Taka þarf saman það nám sem er til staðar í dag og myndi vera hluti af þessu námsstigi, en það er t.d. iðnmeistaránám, vélstjórnarréttindi C og D, skipstjórnarréttindi D og E, leiðsögumaður, margmiðlunarfræði, framhaldsnám í listum og framhaldsnám sjúkraliða.
- Horfa til náms erlendis sem mögulegt væri að „flytja inn“
- Skoða sérstaklega hvort staðsetja eigi fagháskólastigið nær framhaldsskólastiginu en háskóla, en fram hefur komið ótti við bóknámsvæðingu ef fagháskólastigið yrði hluti af núverandi háskólum.
- Skoða tengsl við klassískar háskólagráður, viðurkenninga- og gæðamál ofl.

4. Tillaga um upplýsingagjöf

Gerð er tillaga um að Námsmatstofnun sinni þessum hluta verkefnisins. Námsmatstofnun vinnur nú þegar bæði að gerð gagnagrunns um námsbrautarlýsingar og PLOTEUS grunns (<http://ec.europa.eu/ploteus/en/splash>) um námstækifæri og námslok. Jafnframt hefur Námsmatstofnun verið falið að birta á vef sínum upplýsingar um íslenskt nám á framhaldsskólastigi. Hnykkja mætti betur á því við stofnunina að hún sinni aukinni upplýsingagjöf um starfsnám og geri myndræna framsetningu um skólakerfið sem nýtist bæði nemendum, foreldrum og náms- og starfsráðgjöfum.

5. Tillaga um náms- og starfsráðgjöf ofl.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti vinnur að nokkrum þáttum aðgerðaráætlunarinnar á öðrum vettvangi. Þar má nefna eflingu- náms- og starfsráðgjafar og að ljúka við íslenska hæfnirammann.

Gerð er tillaga um að þessir þættir falli utan verkefnisins um eflingu starfsnám.

Flokkur verkefnis	Ábyrgð	Verklag	Þættir aðgerðaráætlunar		Vor 2015	Haust 2015	Vor 2016	Haust 2016	Vor 2017
Tengsl atvinnulífs og skóla: <i>Framkvæmd starfsnáms</i>	Atvinnulíf, skólar og mrn.	1. Vinnuhópur frá atvinnulífi og skólum gerir a) tillögu að útfærslu þríhliða samkomulags, tengilið skóla við atvinnulíf, opnir samningar við vinnustaðai ofl..Ath. einnig lagalegar forsendur, heimildir og tengsl við skólasamninga b) tillögu að framkvæmd víxlverkunar, hrinda af stað pilot-verkefnum c) tillögu að framkvæmd þjálfunar leiðbeinenda d) útfærsla á skólaleið þar sem við á	1a 1h 2a 2e 2f 1e 2c	Þríhliða skriflegt samkomulag jafnvægi á milli framb. og eftirsp. opnir samn. við vinnustaði Nem getur klárað nám sitt Skólar skilgr. tengiliði Framkvæmd víxlverkunar Þjálfun leiðbeinenda á vinnust.		X	X		
Námskrárvinna: <i>Endurskoðun og skipulag</i>	MMS	1. Skilgreina „karnaskóla“ tengda hverju starfsgreinaráði 2. Ráða 1 starfsmennta-námskrárfæring til (MMS) IÐNÚ 3. Mynda hópa kj.sk., stgr.ráða, starfsmanns ásamt fulltrúum skóla, atvinnulífs ofl. sem endurskoða virkar námsbrautir út frá þörf, framkvæmd (víxlverkun), styttingu auk þess að skoða útfærslu á breiðu grunnnámi og skilgreiningu á inngönguleiðum. 4. Hópur settur af stað um faghsk.stigið	1b 1c 1e 1f 3a 3b	Breitt grunnám Inngönguleiðir fleiri og skýrari Rýna starfsnámsbr. tengja útg.leiðri við hæfnikröfur... Teikna upp námsleiðir skilgreina fagháskólastigið	X	X	X	X	X
Vinnulag: <i>Innleiðing kerfis</i>	MMS, atvinnulíf og skólar	1. Vinnuhópur ábyrgðaaðila vinna að útfærslu sem tengir saman ferilbækur, vinnustaðanamssjóð, nemaleyfisnefndir, gæðakerfi og eftirlit. Spurningin er að ferilbækurnar verði í raun gagnagrunnur sem MMS haldi utan um.	1d 2b 2d 4f 4i 4j	Innleiða ferilbækur Nýta ferilbækur Styrking vinnustaðanamssjóðs 1 nemaleyfisnefnd (ferilbækur?) Skilgr. og innl. úttektir og gæðak. Endursk. samn. við þjón.aðila			X	X	
Starfsgreinaráð: <i>hlutverk og virkni</i>	MRN og atvinnulíf	Vinnuhópur sem fer yfir hlutverk, verksvið og virkni starfsgreinaráða og gerir tillögur um umbætur.	4a 4b 4c 4d 4e 4f 4g	Efla starfsm. í mrn ráðgjafandi hópur um starfsm. dynamísk starfsgreinaráð endursk. hlutv. starfsgr.ráða samræmt skipulag um starfsgr.r. 1 nemaleyfisnefnd (ferilbækur?) samráð sv,pr.nefnda og strgr.nefnda.		X	X		
Upplýsingagjöf og náms- og starfsráðgjöf	MMS, atvinnulíf og skólar	1.MMS er að vinna að öflugri upplýsingagjöf á vef 2. Ákveða þarf hvað er gert við almenna eflingu náms & starfsráðgj. 3. Myndræn framsetning unnin í samráði við námskrárvinnuna 4. Allir hagaðilar vinna að því efla kynningu 5. Stuðningsnet nemenda unnið innan hvers skóla	4h 5a 5b 5c 5d 5e	Miðlæg upplýsingaveita Stuðningsnet nemenda Efla kynningu á starfsnámi Efla hlutverk náms- og starfsráðg. Myndræn framsetning af kerfinu áhugasviðsgrain. grsk.nema		X	X	X	X
Í vinnslu hjá mrn			1g 1i	Ljúka við ísl. hæfnirammann Starfsnám í heimab/samv skóla?					

